

Mál nr. 297/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðatryggingar ljósmyndara (B)

og

Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar auglýsingastofu (A)

Meiðsl við myndatöku við gerð auglýsingar 22.04. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 25.08. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.09. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 11.09. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M var við myndatöku. Hún mun hafa verið hífð upp á fótunum við gerð auglýsingar. Öryggisvírar munu hafa gefið sig með þeim afleiðingum að hún féll niður þannig að meiðsl hlutust af sbr. fyrirliggjandi gögn. M var þátttakandi í verkefni þessu í sjálfboðavinnu, svonefndri “Hjálma-herferð á hvolfi”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélag A hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram að rekja megi slysið til saknæmrar háttsemi af hálfu A. A hafi ekki verið vinnuveitandi M. Fyrir liggir að A hafi samið við B, ljósmyndara, um að sjá um ljósmyndunina og “annað sem sneri að sviðsetningu og myndatöku”. Hann hafi séð um að framkvæma tökuna og fá til þess nauðsynlegan búnað og fagaðila. Hann hafi fengið aðila til til að útvega og nota þá “rólu” sem M féll úr. B hafi verið sjálfstæður verktaki við framkvæmd þessa. A hafi ekki haft umsjón með framkvæmd þessari og ekki hafi hvílt á A að láta fara fram rannsókn á slysinu.

Vátryggingafélag B hafnar því að festibúnaður eða annað honum tengt hafi verið á ábyrgð B. Sjálfstæður verktaki hafi haft umsjón með festibúnaðinum sem hafi ekki verið á ábyrgð B sbr. umfjöllun félagsins í bréfi 04.12. 2008. B hafi ekki farið með eftirlitsskyldu né verkstjórn.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að B hafi haft eftirlitsskyldu og verkstjórn með því hvernig staðið var að umræddri myndatöku. Ekki er unnt að fallast á að ábyrgð vegna þessa hafi verið hjá sjálfstæðum verktaka (svonefndum brellumeistara), miðað við takmörkuð gögn máls þessa. B gætti ekki nægjanlegrar varúðar við myndatökuna og því varð tjónsatburður sá sem um er rætt.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík 6. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.